

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 121/2004**

**frá 24. september 2004**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2004 frá 4. maí 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/11/EB frá 18. desember 2003 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinnna tegunda nytjajurta í landbúnaði og grænmetis- og vínviðartegunda samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB fyrir árin 2004 og 2005 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/57/EB frá 23. desember 2003 um að halda áfram á árinu 2004 samanburðartilraunum og -prófunum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni af grasætt, *Triticum aestivum*, *Brassica napus* og *Allium ascalonicum* samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB sem hófust 2003 <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/266/EB frá 17. mars 2004 um að heimila að tilskildar upplýsingar á umbúðum fóðurjurtafræs séu skráðar með óafmáanlegu letri <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/287/EB frá 24. mars 2004 um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundunum *Vicia faba* og *Glycine max* sem, eftir því sem við á, uppfyllir ekki kröfur tilskipana ráðsins 66/401/EBE eða 2002/57/EB <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/329/EB frá 6. apríl 2004 um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Glycine max* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 2002/57/EB <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Með ákvörðun 2004/266/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/309/EBE frá 2. júní 1987 <sup>(7)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 227, 26.8.2004, bls. 187 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 168.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 12, 17.1.2004, bls. 49.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 83, 20.3.2004, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 56.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 133.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EBL 155, 16.6.1987, bls. 26.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

2. hluti III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 27. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/795/EB):

- „28. **32004 D 0011**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/11/EB frá 18. desember 2003 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinnna tegunda nytjajurta í landbúnaði og grænmetis- og vínviðartegunda samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB fyrir árin 2004 og 2005 (Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 38).
29. **32004 D 0057**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/57/EB frá 23. desember 2003 um að halda áfram á árinu 2004 samanburðartilraunum og -prófunum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni af grasætt, *Triticum aestivum*, *Brassica napus* og *Allium ascalonicum* samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB sem hófust 2003 (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2004, bls. 49).
30. **32004 D 0266**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/266/EB frá 17. mars 2004 um að heimila að tilskildar upplýsingar á umbúðum fóðurjurtafræs séu skráðar með óafmáanlegu lettri (Stjtíð. ESB L 83, 20.3.2004, bls. 23).
31. **32004 D 0287**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/287/EB frá 24. mars 2004 um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundunum *Vicia faba* og *Glycine max* sem, eftir því sem við á, uppfyllir ekki kröfur tilskipana ráðsins 66/401/EBE eða 2002/57/EB (Stjtíð. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 56).
32. **32004 D 0329**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/329/EB frá 6. apríl 2004 um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Glycine max* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 2002/57/EB (Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 133).“

2. Texti 5. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 87/309/EBE) falli brott.

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/11/EB, 2004/57/EB, 2004/266/EB, 2004/287/EB og 2004/329/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*